

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 21/2013****2013/EES/31/21****frá 1. febrúar 2013****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 689/2012 frá 27. júlí 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 415/2007 um tækniforskriftir fyrir kerfi til að rekja feril og slóð skipa sem um getur í 5. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/44/EB um samræmda upplýsingaþjónustu um ár (RIS) á skipgengum vatnaleiðum í Bandalaginu <sup>(1)</sup>.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi bætist við í lið 49ab (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 415/2007) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32012 R 0689**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 689/2012 frá 27. júlí 2012 (Stjtið. ESB L 202, 28.7.2012, bls. 5).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 689/2012, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. febrúar 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. febrúar 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gianluca Grippa**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 202, 28.7.2012, bls. 5.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.